



**Reykjavíkurborg**  
Velferðarsvið

# Greining og ráðgjöf heim á vegum Barnaverndar Reykjavíkur Úttekt

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar  
Skrifstofa sviðsstjóra — deild gæða og rannsókna  
Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir verkefnastjóri  
VEL2019010008

Október 2019

## Innihald

1.	Helstu niðurstöður- viðtöl .....	4
2.	Helstu niðurstöður- matslistar .....	5
3.	Athugasemdir .....	6
4.	Tilurð úttektar og markmið .....	8
A.	Greining og ráðgjöf heim.....	9
B.	Tilraunaverkefni til tveggja ára.....	9
C.	PMTO.....	9
D.	Tengsla og lausnamiðað teymi .....	10
E.	Mælitæki .....	10
1.	Mat á foreldrafærni:.....	10
2.	PPI listinn:.....	11
3.	Mat á aðlögun barns: .....	12
4.	Eyberg listinn .....	12
5.	Undirbúningur og framkvæmd.....	13
A.	Undirbúningur .....	13
B.	Framkvæmd og viðmælendur í úttektinni.....	13
6.	Niðurstöður úttektar- greining á fyrirbyggjandi gögnum.....	14
A.	Fjöldi mála- PMTO .....	14
B.	Fjöldi mála- TL teymið .....	15
C.	Fjöldi tilvísana til Ylfu á árunum 2016-2019.....	15
D.	Fjöldi mála sem lokast að meðferð lokinni.....	15
E.	Viðhorfsmat forelda .....	16
F.	Niðurstöður matslista.....	16
7.	Niðurstöður viðtala .....	18
1.	Skipulag þjónustunnar- PMTO.....	18
2.	Skipulag þjónustunnar- TL teymið.....	18
3.	Helstu verkferlar .....	19
4.	Samstarf við ráðgjafa BR .....	19
5.	Hvaða þjónustuþegum hentar PMTO aðferðarfræðin? .....	19
6.	Hvaða þjónustuþegum hentar TL aðferðarfræðin .....	19
7.	Annað .....	20
8.	Viðauki 1: Erindisbréf stýrihóps um framkvæmd og skipulag PMTO .....	21

9. Viðauki 2: Viðhorfsmat .....	23
10. Viðauki 3: Greinargerð Arndísar Þorsteinsdóttir v. úttektarinnar .....	28

## Tölur

Tafla 1: Fjöldi mála vísað í PMTO meðferð í Greining og meðferð heim .....	14
Tafla 2: Fjöldi mála vísað í TL teymi Greiningar og ráðgjafar heim .....	15
Tafla 3: Fjöldi tilvísana til Ylfu .....	15

## Myndir

Mynd 1: Hefur PMTO meðferð komið að gagni? .....	23
Mynd 2: Notar þú þá færni og tækni sem kennd er í PMTO? .....	23
Mynd 3: Telur þú að sú aðstoð og uppl. sem þú fékkst í einstaklingsviðtölum hefðu nýst betur eða verr ef þú hefðir verið í hópi annarra foreldra? .....	23
Mynd 4: Hefur þú fundið jákvæðar breytingar í fari barnsins eftir að PMTO hófst? .....	24
Mynd 5: Hefur þú fundið neikvæðar breytingar í fari barnsins eftir að PMTO hófst? .....	24
Mynd 6: Hvað finnst þér um þann meðferðaraðila sem þú áttir samskipti við? .....	24
Mynd 7: Sýna PMTO meðferðaraðilarnir skilning á aðstæðum þínum? .....	25
Mynd 8: Hversu gagnlegir finnst þér eftirfarandi þættir? .....	25
Mynd 9: Hversu gagnleg reyndust verkefni á milli funda og símtöl á milli funda? .....	25
Mynd 10: Munt þú mæla með PMTO meðferð við aðra? .....	26

# Helstu niðurstöður úttektar

## 1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR- VIÐTÖL

### *Skipulag þjónustunnar*

- Greining og ráðgjöf heim er tvískipt úrræði. Úrræðið er annarsvegar PMTO meðferðarvinna og hins vegar meðferðavinna þar sem áhersla er lögð á tengsla og lausnamiðaða nálgun (hér eftir kallað TL teymið).
- Almennt fer öll PMTO meðferðvinna fram á heimili fjölskyldunnar og tekur um 3-4 mánuði. Tvisvar sinnum í viku eru haldnir meðferðarfundir og þess á milli er haft samband símleiðis.
- Ráðgjafar TL teymisins heimsækja fjölskyldurnar 2-3x í viku í 6-8 vikur.
- Öll mál sem berast Greiningu og ráðgjöf heim eru unnin í samvinnu við ráðgjafa á Barnavernd Reykjavíkur (hér eftir kallað BR).
- Fyrirlagning matslista gerir árangur af PMTO meðferðinni mælanlegan en þrjú matslistar (viðhorfsmat, matslisti yfir foreldrafærni og matslisti yfir hegðun barns) eru lagðir fyrir foreldra á meðferðartímabilinu. Starfsmenn úrræðisins framkvæma jafnframt áhorfsmat þrisvar sinnum á tímabilinu.
- Engir matslistar eru lagðir fyrir í TL meðferðinni. Stefnt er að því, með komu félagsráðgjafa í teymið, að leggja fyrir matslistana ESTER og PCRI.

### *Hvaða þjónustupegum henta úrræði Greiningar og ráðgjafar heim?*

- PMTO einstaklingsmeðferðirnar henta ákveðnum fjölskyldum betur en hópameðferðir. Kemur það fyrst og fremst til vegna þess að vandi þessara fjölskyldna er margþættur og þær þurfa þar af leiðandi PMTO meðferð sérsniðna að þeirra þörfum.
- Þjónusta TL teymisins hentar fyrst og fremst fjölskyldum með börn yngri en 3 ára og þeim fjölskyldum sem þurfa á tülkaþjónustu að halda. Einnig sinnir teymið eftirfylgd með fjölskyldum sem hafa dvalið á Mánabergi.

### *Helstu verkferlar*

- Ráðgjafar barnaverndar sækja um þjónustu Greiningar og ráðgjafar heim til úthlutunarteymis barna og barnafjölskyldna á skrifstofu velferðarsviðs.
- Samþykkt umsókn er send á forstöðumann Mánabergs, umsjónarmenn PMTO og TL, og ráðgjafa á barnavernd.
- Ráðgjafi á barnavernd sendir í kjölfarið forstöðumanni og umsjónarmönnum úrræðanna ástæðu umsóknar og hvert markmið með þjónustunni eigi að vera.
- Í kjölfarið er tekin ákvörðun um í hvort teymi Greiningar og ráðgjafar heim viðkomandi fjölskylda fer.

### Samstarf við ráðgjafa BR

- Að mati umsjónamanna úrræðanna er samstarf við ráðgjafa BR mjög gott.
- Við upphaf þjónustu eru inntökufundir með ráðgjöfum BR og foreldrum. Á fundunum er farið yfir ástæður umsóknar, væntingar og þarfir.
- Við lok þjónustu hittast sömu aðilar á lokafundi þar sem farið er yfir árangur sem náðst hefur. Ráðgjafar úrræðanna skrifa jafnframt greinagerð sem berst til ráðgjafa BR þegar þjónusta er lokið.

### Tilvísanir í Ylfu

- Á árunum 2016 til september 2019 hefur 76 fjölskyldum verið vísað í úrræðið Ylfa. Fjöldi mála sem er vísað í úrræðið hefur fækkað síðan árið 2017 en þá var 24 málum vísað í Ylfu, en árið 2018 var 18 málum vísað í Ylfu. Það sem af er árinu 2019 hefur 14 málum verið vísað í Ylfu.
- Ráðgjafar BR vísa fyrst og fremst í Ylfu málum sem eru þung, flókin og þola enga bið.
- Einnig vísa ráðgjafar í Ylfu málum þar sem stuðningur þroskaþjálfar er mikilvægur.

### Fjöldi mála sem lokast eftir meðferð í Greiningu og ráðgjöf heim

- Málum er sjaldnast lokað eftir meðferð í Greiningu og ráðgjöf heim. Þau mál sem vísað er í úrræðið eru margþætt og PMTO/TL meðferð aðeins hluti af meðferðarplaninu.

## 2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR- MATSLISTAR

Matslistar yfir foreldrafærni (PPI) og yfir hegðun barns (Eyberg listinn) eru lagðir fyrir foreldra við upphaf og lok PMTO meðferðar. Viðhorfsmat foreldra er lagt fyrir í lok meðferðar og svo framkvæma starfsmenn áhorfsmat (FIBRS) við upphaf meðferðar, um hana miðja og í lok meðferðar. Listi sem metur hegðun og styrkleika barnsins er einnig lagður fyrir foreldra og kennara í einstaka tilvikum.

### Viðhorfsmat

Frá því að úrræðið hóf starfsemi sína í nóvember 2017 þar til í september 2019 höfðu 19 einstaklingar svarað könnun um viðhorf sitt til PMTO meðferðarinnar. Helstu niðurstöður viðhorfsmatunnar eru eftirfarandi:

- 95% sögðu PMTO meðferðina hafa komið að frekar eða mjög miklu gagni.
- 95% sögðust nota þá færni og tækni sem kennd er í PMTO frekar eða mjög mikið.
- Allir svarendur sögðust hafa fundið jákvæðar breytingar í fari barnsins eftir að PMTO hófst.
- 95% sögðu meðferðaraðilana sem þeir áttu í samskiptum við hafa verið opna/umhyggjusama.
- Allir svarendur sögðu það vera frekar eða mjög líklegt að þeir mæltu með PMTO meðferð við aðra.

### Matslistar

- FIBRS áhorfsmat sýndi aukningu í foreldrafærni í 95% tilfella.
- Niðurstöður FIBRS listans sýndu bættu hegðun/aðlögun barns í 80% tilfella.

- Góð samsvörun var einnig milli áhorfsins (FIBRS) og niðurstaðna sjálfsmatslistans (PPI), en listinn sýndi að allir foreldrar upplifðu að valda uppeldishlutverkinu betur. Þau nýta meira jákvæðar og styðjandi leiðir í uppeldi barna sinna, eru meira hvetjandi, setja börnunum mildari en áhrifaríkari mörk, hafa meira eftirlit með athöfnum barna sinna heima og utan heimilis, leysa mál með uppbyggilegri hætti og eiga fleiri góðar samverustundir með börnunum og afskipti af þeim eru jákvæðari.
- Eyberg listinn sem foreldrar fylltu út sýndi að dregið hafði úr hegðunarvanda hjá börnunum í 86,7% tilfella á meðferðartímabilinu.

### 3. ATHUGASEMDIR

Athugasemdir svæðisstjóra PMTO hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar

- Almennt hefur verkefnið tekist vel til. Foreldrafærni eykst og það dregur úr hegðunarvanda barnanna sem bætir aðlögun í þeirra daglega umhverfi. Aðlöguð PMTO einstaklingsmeðferð á því vel heima innan barnaverndar.
- Mælitækin eru næm á breytingar og henta vel til að greina vanda og meta árangur meðferðar. Ef ákvörðun verður tekin um að halda verkefninu áfram, þarf formlegt leyfi höfundu til að nýta matslistana (PPI og Eyberg). Áhugavert væri að gera frekari rannsókn á árangri úrræðisins í samvinnu við háskólasamfélagið.
- Samvinna PMTO meðferðaraðilanna hefur gengið mjög vel, en þó má velta fyrir sér veikleika þess að þeir eru bara tveir m.t.t. þess ef forföll koma upp. Gott væri að hafa teymi nokkurra PMTO meðferðaraðila sem sinna fyrst og fremst málum frá Barnavernd Reykjavíkur. Slíkt myndi gefa sveigjanleika ef einhver forfallast, auk þess sem hægt væri að þjónusta fleiri foreldra. Á skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur starfar PMTO meðferðaraðili sem mælt er með að fái verkefni innan úrræðisins. Á þjónustumiðstöð Vesturbæjar/Miðborgar/Hlíða starfa tveir sálfræðingar sem ljúka PMTO meðferðarnámi næsta sumar. Viðkomandi hafa sýnt því áhuga að fá verkefni innan Greiningar og ráðgjafar heim sé þess kostur.
- Meðferðaraðilarnir eiga sinn starfsstað á Mánabergi í dag. Vinnuaðstaða þar er ófullnægjandi, auk þess sem tengsl við vinnustaðinn eru lítil, því málin koma fæst frá Mánabergi. Viss hættu er á að viðkomandi starfsmenn einangrist. Þetta er krefjandi vinna og mikilvægt að koma í veg fyrir kulnun í starfi.

Athugasemdir forstöðumanns Mánabergs og umsjónarmanna úrræðanna í Greiningu og ráðgjöf heim

- Ekki er alltaf ljóst þegar samþykkt umsókn berst forstöðumanni Mánabergs og umsjónarmönnum PMTO úrræðisins hvort verið er að sækja um „**Greining og ráðgjöf heim – PMTO**“ eða „**Greining og ráðgjöf heim – TL teymið**“. Það þarf að vera skýrt í umsóknarferlinu í hvort úrræðið ráðgjafi er að sækja um þar sem um tvö aðskilin úrræði er að ræða. Í dag er aðeins einn valmöguleiki til staðar, þ.e. valmöguleikinn „Greining og ráðgjöf heim“, og með því að aðgreina strax í upphafi yrði, að mati viðmælenda, auðveldara að halda utan um málin og koma þeim í rétt ferli.

Athugasemdir deildarstjóra könnunar og meðferðarteymis yngri barna á BR:

- Þörf er á að efla TL-úrræðið í Greiningu og ráðgjöf heim. Gríðarlega mikilvægt úrræði og hluti af úrræðabanka ráðgjafa í BR. Mikilvægt að hægt sé að fara oftar inn á heimilin og að fleiri starfsmenn starfi í úrræðinu. Sem dæmi þurfa að vera fleiri starfsmenn í TL teyminu en mikilvægt er að starfsmenn fari tveir og tveir saman inn á heimilin. Einnig þyrftu starfsmenn að gera farið inn á heimilin um helgar og á kvöldin. Þannig væri hugsanlega hægt að draga úr tilvísunum í Ylfu.

# Inngangur

## 4. TILURÐ ÚTTEKTAR OG MARKMIÐ

### **Tilurð**

Úttektin er á úttektaráætlun fyrir árið 2019 en tilurð hennar á sér stað vegna breytinga á úrræðinu Greining og ráðgjöf heim á Mánabergi. Innleiðing á PMTO meðferðarvinnu og tengsla og lausnamiðaðri meðferðarvinnu átti sér stað árið 2107 og var um tilraunaverkefni að ræða til tveggja ára.

### **Markmið**

Markmið úttektarinnar er að meta breytingar á úrræðinu „Greining og ráðgjöf heim“ og árangur af starfsemi þess.



# Greining og ráðgjöf heim<sup>1</sup>

## A. GREINING OG RÁÐGJÖF HEIM

Haustið 2008 fór af stað nýtt úrræði fyrir Barnavernd Reykjavíkur sem kom til viðbótar úrræðinu „Stuðningurinn heim“. Um var að ræða úrræðið „Greining og ráðgjöf heim“ og varð það hluti af þjónustu Mánabergs.

## B. TILRAUNAVERKEFNI TIL TVEGGJA ÁRA

Samkvæmt erindisbréfi, dagsett 10. nóvember 2017, var markmið stýrihóps um framkvæmd og skipulag PMTO í Reykjavík á Mánabergi (fyrrum Vistheimili barna) að vinna að innleiðingu PMTO meðferðar í úrræðinu Greining og ráðgjöf heim á Mánabergi í tilraunaskyni til tveggja ára.<sup>2</sup> Lagt var upp með að veita PMTO einstaklingsmeðferð aðlagða að þörfum fjölskyldna í þjónustu hjá Barnavernd Reykjavíkur. Tilgangur verkefnisins var að veita þjónustu með sannreyndri aðferð sem sýnt hefur góðan árangur hérlendis og erlendis innan málaflokksins til að bæta foreldrafærni og draga úr hegðunarvanda barna og bæta aðlögun þeirra. Einnig var tilgangurinn að skoða næmi valdra mælitækja fyrir breytingum á þessum tilgreindu þáttum.

Samhliða þróun PMTO meðferðar í Greiningu og ráðgjöf heim var öðru teymi, svokölluðu Tengsla og lausnamiðuðu teymi (hér eftir kallað TL teymið), komið á lagginar sem styður við aðrar fjölskyldur en þær sem fara í PMTO meðferðarvinnu.

Hlutverk stýrihópsins var jafnframt að þróa og útfæra þjónustuna í Greining og ráðgjöf heim á grundvelli hugmyndafræði PMTO og fylgja eftir að mat yrði framkvæmt svo unnt væri að taka ákvörðun um áframhald að tilraunaverkefni loknu. Úttekt þessi er hluti af matinu sem og niðurstöður spurningalistakönnunar sem framkvæmd var meðal starfsmanna BR í september 2019. Niðurstöður könnunarinnar er að finna í skýrslunni „Mánaberg: Greining og ráðgjöf heim. Niðurstöður spurningakönnunar meðal starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur“.

Frá og með 1. nóvember 2017 hefur PMTO aðferðafræðin og TL meðferðarvinna verið í boði í úrræðinu „Greining og ráðgjöf heim“ á Mánabergi.

## C. PMTO

PMTO foreldrafærninámskeið, einstaklingsmeðferðir og PTC námskeiðin hafa verið haldin á öllum þjónustumiðstöðvunum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar með markvissum og formlegum hætti frá árinu 2015. PMTO aðferðin (Parent Management Training - Oregon) er gagnreynt úrræði, þróað af Dr. G. Patterson, M. Forgatch og samstarfsfólki við Oregon Social Learning Center í Bandaríkjunum, og ætlað foreldrum barna með aðlögunarvanda, sérstaklega hegðunarvanda.

<sup>1</sup> Í þessum kafla er stuðst að einhverju leyti við upplýsingar úr greinagerð unna af Arndísi Þorsteinsdóttur svæðisstjóra PMTO hjá Reykjavíkurborg í samvinnu við Margréti Sigmarsdóttur, sálfræðing og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, í tengslum við úttektina. Sjá viðauka 3.

<sup>2</sup> Erindisbréfið er að finna í viðauka 1.

Á námskeiðunum eru forráðamönnum kenndar uppeldisaðferðir til að takast á við erfiða hegðun barna sinna. Auk námskeiðanna hafa verið haldin svokölluð PTC námskeið, sem kennd eru í minni hópum þar sem farið er hægar yfir námsefnið, og PMTO einstaklingsmeðferðir. Einstaklingsmeðferðirnar eru einkum ætlaðar fjölskyldum sem eiga í miklum vanda og þurfa á mikilli aðstoð að halda sem gagnast þeim best á einstaklingsgrundvelli.

#### D. TENGLA OG LAUSNAMIÐAÐA TEYMI

Tengsla og lausnamiðaða teymið hefur starfað samhliða PMTO meðferðarvinnunni í Greiningu og ráðgjöf heim á Mánabergi síðan í nóvember 2017.

Starfsmenn Tengsla og lausnamiðaða teymisins sinna stuðningi og eftirfylgd með eftirfarandi hópum:

- Eftirfylgd með fjölskyldum sem hafa dvalið/notið stuðnings á Mánabergi.
- Stuðning við fjölskyldur barna 3 ára og yngri.
- Stuðning við fjölskyldur sem eru af erlendum uppruna og tala ekki íslensku.
- Stuðningur við fjölskyldur þar sem foreldrar/foreldri er mikið greindarskert og/eða barnið.


#### E. MÆLITÆKI

Samkvæmt svæðisstjóra PMTO hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar urðu neðangreind mælitæki fyrir valinu þegar ákveðið var hvaða mælitæki yrðu notuð við að mat á árangri af PMTO meðferðinni. Valið var gert í samráði við Dr. Margréti Sigmarsdóttur sálfræðing og sérfræðing í PMTO aðferðinni hérlendis. Mælitækin eru talin gefa góða mynd af foreldrafærni og aðlögun barns en gerðar eru áhorfsmælingar af samspili foreldra og barns við upphaf, miðbik og lok meðferðar og matslistar lagðir fyrir foreldra í upphafi og í lokin.

##### 1. MAT Á FORELDRAFÆRNI:

*Family Interaction Brief Rating Scale: FIBRS* (Domenech Rodríguez, Sigmarsdóttir, Forgatch og Rains, 2017).


FIBRS listinn er notaður við áhorfsmat þar sem áreiðanlegur fagaðili í notkun FIBRS horfir á samskipti foreldra og barna við skipulagðar aðstæður. Listinn metur fimm megin foreldrafærniþætti (hvatningu, mörk, lausnaleit, eftirlit, jákvæða samveru og afskipti). Meðferðaraðili kóðar og fær í lokin heildarskor sem gefa til kynna þær breytingar sem orðið hafa á meðferðartímabilinu, en mælingar eru gerðar í upphafi, við miðbik og lok meðferðar. Um er að ræða 32 staðhæfingar eins og „*Foreldri notaði hrós eða aðra félagslega hvatningu fyrir viðeigandi hegðun.*“ Listinn metur jafnframt hegðun barns með 20 staðhæfingum eins og „*Barnið sýndi samstarfsvilja.*“ Foreldrafærni og hegðun barns eru metin á 5 punkta Likert kvarða. Fleiri stig gefa vísbendingar um aukna foreldrafærni og bættu aðlögun barns. Í þessu verkefni er listinn þýddur og bakþýddur frá ensku yfir á íslensku. Myndræn framsetning niðurstaðna sem sett er inn í greinargerð til málstjóra að meðferð lokinni sést í eftirfarandi dæmi:



## 2. PPI LISTINN:

*Parent Practices Interview: PPI* (Reid, Webster-Stratton og Beauchaine, 2001).


PPI listinn er sjálfsmatslisti fyrir foreldra. Hann inniheldur 15 liði sem mæla foreldrafærni. Nokkrar staðhæfingar eru undir hverjum lið eins og „*Hversu oft reiðist/pirrast þú þegar þú setur barni þínu mörk?*“ Foreldrar svara ýmist á 5 eða 7 punkta Likert kvarða. Fleiri stig gefa vísbendingar um aukna foreldrafærni. Listinn hefur sýnt góðan áreiðanleika og réttmæti erlendis og hefur verið þýddur og bakþýddur frá ensku yfir á íslensku. Þar sem listinn hefur ekki verið staðlaður miðað við íslenskar aðstæður eru notuð hráskor við útreikninga. Myndræn framsetning niðurstaðna sem sett er inn í greinargerð til málstjóra sést í eftirfarandi dæmi:



### 3. MAT Á AÐLÖGUN BARNIS:

FIBRS – Sjá lýsingu á FIBRS listanum að ofan varðandi áhorfsmælingar á hegðun/aðlögun barns.


Myndræn framsetning niðurstaðna sem sett er inn í greinargerð til málstjóra sést í eftirfarandi dæmi:



### 4. EYBERG LISTINN

*Eyberg Child Behaviour Inventory: ECBI, (Eyberg og Pincus 1999).*

Eyberg listinn er spurningalisti sem foreldrar svara til að meta hegðun barna sinna á aldursbilinu 2 -16 ára. Spurt er út í 36 staðhæfingar eins og: (barnið), „Bregst við með mótþróa þegar gefin eru fyrirmæli.“ Svarað er á 7 punkta Likert kvarða og foreldrar meta einnig hvort staðhæfingin sé vandi eða ekki. Listinn hefur sýnt góðan áreiðanleika og réttmæti erlendis og færri stig gefa vísbendingar um bættu aðlögun barnsins. Listinn er þýddur og bakþýddur frá ensku yfir á íslensku og notast er við hráskor við útreikninga þar sem ekki er til íslensk stöðlun. Myndræn framsetning niðurstaðna sem sett er inn í greinargerð til málstjóra sést í eftirfarandi dæmi:



# Um úttektina

## 5. UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD

### A. UNDIRBÚNINGUR

Úttektaraðili sá um undirbúning úttektar en við undirbúninginn var rætt við verkefnisstjóra á skrifstofu ráðgjafarþjónustu á skrifstofu velferðarsviðs og skrifstofustjóra á skrifstofu sviðsstjóra.

Við undirbúning úttektar kynnti úttektaraðili sér starfsemi Greiningar og ráðgjafar heim á Mánabergi. Einnig skoðaði úttektaraðili fyrirbyggjandi gögn, stöðuskýrslur og annað tengt starfseminni.

### B. FRAMKVÆMD OG VIÐMÆLENDUR Í ÚTTEKTinni

Þann 21. ágúst 2019 var umsjónarmönnum PMTO úrræðisins, umsjónarmanni TL teymisins og forstöðumanni í Mánaberg tilkynnt að úttektin væri í undirbúningi og um leið óskaði úttektaraðili eftir viðtali við þá.

Viðtal við forstöðumann Mánabergs átti sér stað 27. ágúst 2019. Í því var fyrst og fremst farið yfir markmið þjónustunnar Greining og ráðgjöf heim, sem og verkferla úrræðisins.

Viðtal við umsjónarmenn PMTO úrræðisins átti sér stað 16. september 2019. Umsjónarmenn úrræðisins sendu úttektaraðila tölfræðigögn og niðurstöður viðhorfsmatslistans.

Viðtal við umsjónarmann TL teymisins átti sér stað 17. október 2019. Í viðtalinu var m.a. farið yfir þá þjónustu sem teymið veitir.

Nánari upplýsingar um PMTO og matslistana sem lagðir eru fyrir í meðferðarúrræðinu bárust úttektaraðila frá svæðisstjóra PMTO hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Svæðisstjórinn sendi úttektaraðila jafnframt greinargerð sem úttektaraðili vísar í á nokkrum stöðum í skýrslunni. Greinargerðina í heild sinni er að finna í viðauka 3.

Viðtal við deildarstjóra könnunar og meðferðarteymis yngri barna átti sér stað 24. október 2019, en í því aflaði úttektaraðili sér upplýsinga vegna úrræðisins Ylfu og tilvísana í það.

Samhliða viðtölum við forstöðumann og umsjónarmenn úrræðanna var send út spurningalistakönnun til allra starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur en markmið könnunarinnar var að meta viðhorf starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur til úrræðisins Greining og Ráðgjöf heim á Mánabergi. Niðurstöður könnunarinnar er að finna í skýrslunni „Mánaberg: Greining og ráðgjöf heim. Niðurstöður spurningakönnunar meðal starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur“.

# Niðurstöður úttektar

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÚTTEKTAR- GREINING Á FYRIRLIGGJANDI GÖGNUM<sup>3</sup>

### A. FJÖLDI MÁLA- PMTO

Þann 30. september hafði 32 málum verið vísað í PMTO meðferð Greiningar og ráðgjafar heim frá stofnun þess úrræðis í nóvember 2017. Um var að ræða 27 foreldra og var fjöldi barna 38 á aldrinum 0-14 ára. Aldur barna sem meðferðin tók mest mið af var 4-14 ára.<sup>4</sup>

Tafla 1: Fjöldi mála vísað í PMTO meðferð í Greining og meðferð heim

	Fjöldi mála
Fjöldi mála sem er lokið	17
Fjöldi mála á bið	6
Fjöldi mála í vinnslu	3
Fjöldi mála sem féllu niður v. breyttra aðstæðna	3
Fjöldi mála sem féllu niður v. áfengis/vímuefnaneyslu foreldris	3
Samtals	32

Af þeim 32 málum sem vísað var í PMTO meðferð voru sex brottföll. Ástæður brottfalls voru breyttar aðstæður á þeim tímapunkti sem þjónustan bauðst eða að foreldri féll (?) og gat ekki nýtt sér þjónustuna.

Sex mál voru í bið en ástæður þess voru m.a. að verið var að bíða eftir inntökufundum eða aðgerðum ráðgjafa BR.

<sup>3</sup> Í kaflanum verður fyrst og fremst gert grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum er varðar PMTO hluta úrræðisins Greining og ráðgjöf heim. Ástæða þess er sú að engir matslistar eru lagðir fyrir foreldra í Tengsla og lausnamiðaða úrræði Greiningar og ráðgjafar heim. Samkvæmt umsjónarmanni TL úrræðisins stendur til að leggja fyrir ESTER í upphafi og lok meðferðar og PCRI matslistann þegar nýr starfsmaður sem hefur tilskilin leyfi til að leggja þessa matslista fyrir hefur störf í úrræðinu.

<sup>4</sup> Tekið úr greinargerð Arndísar Þorsteinsdóttir vegna úttektarinnar. Sjá viðauka 3.

## B. FJÖLDI MÁLA- TL TEYMIÐ

Í lok nóvember 2019 hafði 29 málum verið vísað í teymið frá stofnun þess árið 2017. Af þessum málum voru rúmlega helmingur stuðningsvinna við foreldra sem hvorki gátu tjáð sig á íslensku né ensku. Í þeim tilfellum notuðust ráðgjafar við túlkapjónustu.

Tafla 2: Fjöldi mála vísað í TL teymi Greiningar og ráðgjafar heim

	Fjöldi mála
Fjöldi mála sem er lokið	16
Fjöldi mála á bið	2
Fjöldi mála í vinnslu	6
Fjöldi mála sem féllu niður v. breyttra aðstæðna	2
Fjöldi mála sem féllu niður v. áfengis/vímuefnaneyslu foreldris	3
Samtals	29

## C. FJÖLDI TILVÍSANA TIL YLFU Á ÁRUNUM 2016-2019

Hér að neðan er að finna upplýsingar um fjölda tilvísana til Ylfu á árunum 2016 til 30. september 2019.

Tafla 3: Fjöldi tilvísana til Ylfu

	Fjöldi tilvísana
<b>2016</b>	22
<b>2017</b>	24
<b>2018</b>	16
<b>2019 (30.9 2019)</b>	14

Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra könnunar og meðferðarteymis yngri barna hjá BR er málum fyrst og fremst vísað í Ylfu ef þau eru flókin, þung eða þola enga bið. Þegar bið er eftir þjónustu TL teymis Greiningar og ráðgjafar heim vísa ráðgjafar BR í Ylfu þar sem þjónusta er veitt um leið og óskað er eftir henni. Þau mál sem vísað er í Ylfu eru einnig mál sem þurfa meiri stuðning en TL teymið getur veitt. Sem dæmi þegar börn og/eða foreldrar eru með sértækan vanda og aðstoð þroskaþjálfra frekar viðeigandi en ráðgjöf TL ráðgjafa. Einnig hafa ráðgjafar Ylfu tök á að fara oftar inn á heimilin, jafnvel daglega í einhvern tíma, sem er nauðsynlegt í sumum málum.

## D. FJÖLDI MÁLA SEM LOKAST AÐ MEÐFERÐ LOKINNI

Samkvæmt deildarstjóra könnunar og meðferðarteymis yngri barna hjá BR er það sjaldnast sem málum er lokað eftir meðferð í Greiningu og ráðgjöf heim. Þau mál sem vísað er í úrræðið eru margþætt og PMTO/TL meðferð aðeins hluti af meðferðarplaninu.

## E. VIÐHORFSMAT FORELDA

Frá því að úrræðið hóf starfsemi sína í nóvember 2017 þar til september 2019 höfðu 19 foreldrar svarað könnun um viðhorf sitt til PMTO meðferðarinnar. Nánari útlitun á niðurstöðum viðhorfsmatsins er að finna í viðauka 2.

- 95% sögðu PMTO meðferðina hafa komið að frekar eða mjög miklu gagni.
- 95% sögðust nota þá færni og tækni sem kennd er í PMTO frekar eða mjög mikið.
- 84% sögðu að sú aðstoð og upplýsingar sem þau fengu í einstaklingsviðtölunum hefði nýst aðeins eða mun verr ef þau hefðu verið í hópi annarra foreldra.
- Allir svarendur sögðust hafa fundið jákvæðar breytingar í fari barnsins eftir að PMTO hófst.
- 84% sögðust ekki hafa fundið neikvæðar breytingar í fari barnsins eftir að PMTO hófst.
- 95% sögðu meðferðaraðilana sem þeir áttu í samskiptum við hafa verið opna/umhyggjusama.
- 95% sögðu PMTO meðferðaraðilana hafa sýnt frekar eða mjög mikinn skilning á aðstæðum þeirra.
- Foreldrar voru spurðir að því hversu gagnlegir þeim fannst eftirfarandi þættir:
  - Að gefa skýr fyrirmæli: Öllum fannst það frekar eða mjög gagnlegt.
  - Notkun hvatningar til að ýta undir jákvæða hegðun: Öllum fannst það mjög gagnlegt.
  - Að setja mörk til að draga úr neikvæðri hegðun: Öllum fannst það frekar eða mjög gagnlegt.
  - Færni við lausn vanda: Öllum fannst það frekar eða mjög gagnlegt.
  - Samskiptatækni: 89% fannst það frekar eða mjög gagnlegt.
  - Eftirlit með athöfnum barns og öryggi þess: 89% fannst það frekar eða mjög gagnlegt.
  - Tengsl við skóla og námshvatning: 79% fannst það frekar eða mjög gagnlegt.
  - Að hafa stjórn á tilfinningum: 89% fannst það frekar eða mjög gagnlegt.
- 63% fannst símtöl á milli funda hafa verið frekar eða mjög mikið gagnleg.
- 79% fannst verkefni á milli funda hafa verið frekar eða mjög mikið gagnleg.
- Allir svarendur sögðu það vera frekar eða mjög líklegt að þeir mæltu með PMTO meðferð við aðra.

## F. NIÐURSTÖÐUR MATSLISTA

Á tímabilinu nóvember 2017 til ágúst 2019 luku 27 foreldrar PMTO meðferð. Þetta voru 10 pör og 7 einstæðir foreldrar. Samkvæmt upplýsingum í greinargerð svæðisstjóra PMTO hjá Reykjavíkurborg sýndi FIBRS áhorfslistinn, í þessum tilteknu málum, aukningu í foreldrafærni í 95% tilfella. Góð samsvörun var einnig milli áhorfsins og niðurstaðna PPI, en listinn sýndi að allir foreldrar upplifðu að valda uppeldishlutverkinu betur. Þau nýta meira jákvæðar og styðjandi leiðir í uppeldi barna sinna, eru meira hvetjandi, setja börnunum mildari en áhrifaríkari mörk, hafa meira eftirlit með athöfnum barna sinna heima og utan heimilis, leysa mál með uppbyggilegri hætti og eiga fleiri góðar samverustundir með börnunum og afskipti af þeim eru jákvæðari.

Niðurstöður FIBRS listans sýndu bættu hegðun/aðlögun barns í 80% tilfella og Eyberg listinn sem foreldrar fylltu út sýndi að dregið hafði úr hegðunarvanda hjá börnunum í 86,7% tilfella á meðferðartímabilinu.



Klínísk athugun á notkun mælitækjanna sýndi að þau eru næm á breytingar á foreldrafærni og hegðun/aðlögun barnanna og henta vel til við mat á vanda fyrir meðferð og til að mæla árangur PMTO einstaklingsmeðferðar.

## 7. NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir viðtölum við forstöðumann Mánabergs, umsjónarmenn PMTO úrræðisins og umsjónarmann TL teymisins.

### 1. SKIPULAG ÞJÓNUSTUNNAR- PMTO

Almennt fer öll PMTO meðferðarvinna fram á heimili fjölskyldunnar og lagt er upp með að meðferðarvinna taki 3-4 mánuði.<sup>5</sup> Samkvæmt viðmælendum getur meðferðartíminn lengst ef mikið er um afbókanir hjá foreldrum. Meðferðarvinna getur einnig tekið lengri tíma ef foreldrar eiga við einhverja skerðingu að etja og þurfa lengri tíma til að tileinka sér meðferðina.

Tvisvar sinnum í viku eru haldnir meðferðarfundir. Foreldrar fá heimaverkefni milli viðtala og æfa sig í að beita PMTO verkfærunum gagnvart börnunum sínum. Á milli meðferðarfunda er hringt í foreldra til að kanna hvernig gengur og hvort eitthvað er óljóst. Foreldrar geta jafnframt hringt í meðferðaraðila ef þeir þurfa að leita sér aðstoðar eða hafa spurningar tengdar meðferðinni. PMTO meðferðaraðilar vinna einnig með skólavanda barna og fara þá með foreldrum á fundi í skólum ásamt því að vera í samskiptum við kennara barnanna.

Umsjónarmenn PMTO vinna öll mál saman. Hins vegar ber annar þeirra ábyrgð á hverju máli fyrir sig og er tengiliður vegna þess. Öll mál sem berast teyminu eru unnin í samvinnu við ráðgjafa á BR.

Þrír matslistar eru lagðir fyrir foreldra;

- Viðhorfsmat foreldra sem lagður er fyrir í lok meðferðar.
- Matslisti yfir foreldrafærni sem lagður er fyrir foreldra við upphaf og lok meðferðar (PPI).
- Matslisti yfir hegðun barns sem lagður er fyrir foreldra við upphaf og við lok meðferðar (Eyberg listinn).

Einnig framkvæma starfsmenn áhorfsmat en um er að ræða athugun á samskiptum foreldra og barns (FIBRS). Matið er framkvæmt við upphaf meðferðar, um hana miðja og í lok meðferðar. Listi sem metur hegðun og styrkleika barnsins er lagður fyrir foreldra og kennara í einstaka tilvikum. Fyrirlagning matslistanna gerir framkvæmdina og meðferðina gegnsæja og mælanlega hvað árangur varðar.

Boðið er upp á eftirmeðferð, u.þ.b. mánuði eftir að meðferð lýkur. Eftirmeðferð tekur 1-3 skipti sem notuð eru í að rifja upp og takast á við bakslag í meðferðinni.

### 2. SKIPULAG ÞJÓNUSTUNNAR- TL TEYMIÐ

Þjónustan sem TL teymið veitir er fyrst og fremst uppeldisráðgjöf og eru foreldrar hvattir til að setja sér markmið, bæði hvað uppeldið varðar og fyrir sjálfan sig. Foreldrum er veitt aðstoð við að finna út hvar þeirra vandi liggur og í kjölfarið aðstoðaðir við að finna leiðir til að leysa hann. Ráðgjafar virkja einnig foreldra og skoða með þeim hvaða (félagslegan) stuðning er að finna í þeirra nærumhverfi.

---

<sup>5</sup> Einstaka sinnum fer meðferð fram á Hraunbergi ef það hentar betur en að vera inni á heimili fjölskyldunnar. Ástæður þess geta t.d. verið veikindi á heimilinu eða að barnið er heima og þar af leiðandi ekki viðeigandi að halda meðferðarfundum í návist þess.

Samkvæmt umsjónarmanni teymisins hefur teymið ákveðið frelsi til að móta þjónustuna að þörfum skjólstæðinganna, og unnið er að lausnum sem henta hverjum og einum. Ráðgjafarnir eru í sambandi við starfsfólk í skólum, leikskólum og aðra sem koma að umönnun barnanna. Þannig er árangur fyrst og fremst metinn af meðferðinni.

Eins og er eru engir matslistar lagðir fyrir foreldra í úrræðinu. Samkvæmt umsjónarmanni teymisins stendur til að leggja fyrir matslista á næstu mánuðum þegar nýr starfsmaður hefur störf. Sá starfsmaður er félagsráðgjafamenntaður og því með tilskilin leyfi til að leggja ákveðna matslista fyrir foreldra sem eru ekki lagðir fyrir eins og úrræðið er skipulagt í dag. Samkvæmt umsjónarmanninum stendur til að leggja fyrir ESTER í upphafi og lok meðferðar sem og PCRI, sem er mat á tengslum.

### 3. HELSTU VERKFERLAR

Ráðgjafar barnaverndar sækja um þjónustuna „Greining og ráðgjöf heim“ til úthlutunarteymis barna og barnafjölskyldna á skrifstofu velferðarsviði. Úthlutunarteymið tekur umsóknina fyrir og sendir síðan samþykktina á forstöðumann Mánabergs, umsjónarmenn PMTO og TL teymisins, og ráðgjafa barnaverndar. Í kjölfarið sendir ráðgjafi BR á forstöðumann og umsjónarmenn úrræðanna ástæðu umsóknar og hvert markmið með þjónustunni eigi að vera.

### 4. SAMSTARF VIÐ RÁÐGJAFANA BR

Samstarf við ráðgjafa BR er mjög gott að mati umsjónamanna úrræðanna og eiga þeir í miklu samstarfi við ráðgjafana.

Við upphaf þjónustu eru haldnir inntökufundir með ráðgjöfum BR og foreldrum. Á fundunum er farið yfir ástæður umsóknar, væntingar og þarfir. Í lokin hittast sömu aðilar á lokafundi þar sem farið er yfir árangur þjónustunnar. Ráðgjafar PMTO og TL teymisins skrifa jafnframt greinagerð sem berst til ráðgjafa BR.

### 5. HVAÐA ÞJÓNUSTUÞEGUM HENTAR PMTO AÐFERÐARFRÆÐIN?

Samkvæmt PMTO meðferðaraðilunum hentar PMTO aðferðarfræðin mjög breiðum og fjölbreyttum hópi foreldra. Hins vegar hentar einstaklingsmeðferðin ákveðnum hópi foreldra betur en hópameðferðir. Um er að ræða foreldra sem eiga erfitt með að vera í stórum hópum og eru jafnvel með það margþættan vanda að erfitt er að takast á við hann á námskeiði. Þessir foreldrar þurfa á PMTO meðferð að halda sem er sérsniðin þeirra þörfum.

Samkvæmt viðmælendum hentar foreldrum sveigjanleikinn sem boðið er uppá í meðferðarvinnunni, sem og vinnan „maður á mann“. Samkvæmt forstöðumanni Mánabergs eru starfmenn úrræðisins fljótir að ávinna sér traust foreldra og þeir orðnir jákvæðir gagnvart meðferðinni. Foreldrar óska jafnvel eftir meiri aðstoð til að dýpka sig á ákveðnum sviðum.

### 6. HVAÐA ÞJÓNUSTUÞEGUM HENTAR TL AÐFERÐARFRÆÐIN

Samkvæmt umsjónamanni teymisins sjá starfsmenn þess um að sinna þjónustu við eftirfarandi hópa:

- Eftirfylgd með fjölskyldum sem hafa dvalið/notið stuðnings á Mánabergi.
- Stuðning við fjölskyldur barna 3 ára og yngri.
- Stuðning við fjölskyldur sem eru af erlendum uppruna og tala ekki íslensku.
- Stuðningur við fjölskyldur þar sem foreldrar/foreldri er mikið greindarskert og/eða barnið.

## 7. ANNAÐ

Samkvæmt forstöðumanni hefur ekki tekist að innleiða PMTO aðferðafræðina á Mánabergi. Til að innleiða PMTO er mikilvægt að skjólstæðingarnir hafi annað hvort íslensku eða ensku sem móðurmál. Margir af skjólstæðingunum á Mánabergi eru hins vegar með önnur tungumál sem móðurmál sitt og því erfitt að innleiða hugmyndafræðina ef viðkomandi skilur hvorki íslensku né ensku.

Meðferðaraðilarnir sögðu að almennt gengi vel að mynda meðferðarsamband við foreldra. Sumir foreldrar fari í fyrstu í ákveðinn mótþróa og reyni jafnvel að afboða fundi. Hins vegar ná meðferðaraðilarnir alltaf að mynda gott samband við foreldrana eftir nokkra tíma og vinna alla meðferðarvinnuna út frá styrkleikum foreldra. Um leið og foreldrar fara að sjá árangur af því að prufa nýjar aðferðir við uppeldi á börnunum styrkir það sjálfstraust þeirra og getur orðið mjög valdeflandi fyrir þá.

Starfsmenn TL teymisins hafa, á síðastliðnum mánuðum, náð að sinna biðlistum í úrræðið. Starfshlutfall er einnig að hækka í teyminu en nýr starfsmaður er að koma inn í teymið. Þannig verður enn frekar hægt er að sinna þeim hópum sem þurfa á þjónustunni að halda.

## 8. VIÐAUKI 1: ERINDISBRÉF STÝRIHÓPS UM FRAMKVÆMD OG SKIPULAG PMTO



### Erindisbréf

#### stýrihóps um framkvæmd og skipulag PMTO í Reykjavík á Visheimili barna

#### Ábyrgðarmaður:

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri ráðgjafþjónustu

#### Markmið:

Að vinna að innleiðingu PMTO meðferðar í úrræðinu Greining og ráðgjöf heim á Vistheimili barna í tilraunaskyni til tveggja ára.

#### Hlutverk:

Að þróa og útfæra þjónustuna í Greiningu og ráðgjöf heim á grundvelli hugmyndafræði PMTO og fylgja eftir að mat verði framkvæmt svo unnt verði að taka ákvörðun um áframhald að tilraunaverkefni loknu

#### Verkefni hópsins:

- fylgja eftir verkþáttum í innleiðingarferlinu
- hafa umsjón með og kalla eftir tölulegum upplýsingum og að unnin sé stöðuskýrsla um framkvæmd verkefnisins á 6 mánaða fresti meðan á tilraunaverkefni stendur
- hafa almenna yfirsýn yfir verkefnið
- tryggja að faglegar kröfur, sem miðstöðin PMTO-FORELDRAFÆRNI hjá Barnaverndarstofu setur, séu uppfylltar
- kalla eftir mati að tilraunaverkefni loknu m.t.t. áframhaldandi þjónustu Greiningar og ráðgjafar heim.

#### Hópin skipa:

Arndís Þorsteinsdóttir, sálfræðingur Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts  
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur  
Heiðrún Harpa Helgadóttir, forstöðumaður Vistheimilis barna  
Stefanía Sörheller, verkefnastjóri skrifstofu ráðgjafþjónustu, hópstjóri

#### Ráðgefandi:

Guðrún Marínósdóttir, deildarstjóri BR

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafabjónustu  
Margrét Sigmarsdóttir, BVS

**Hópstjóri ber ábyrgð á:**

- að kalla hópinn saman
- að ritaðar séu fundargerðir og vistaðar með viðeigandi hætti.
- að stöðuskýrslur séu ritaðar á 6 mánaða fresti.

**Meðfylgjandi gögn:**

Tillögur um endurskoðun úrræðisins sem liggur fyrir í drögum dags.28. maí 2017 (gopro. VEL2016030035)

**Starfstími**

1. nóvember 2017 – 31. desember 2019


Reykjavík 10. nóvember 2017

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri


## 9. VIÐAUKI 2: VIÐHORFSMAT

Niðurstöður viðhorfsmats tímabilið nóvember 2017 til september 2019.


Fjöldi svarenda: 19.




Mynd 1: Hefur PMTO meðferð komið að gagni?




Mynd 2: Notar þú þá færni og tækni sem kennd er í PMTO?




Mynd 3: Telur þú að sú aðstoð og uppl. sem þú fékkst í einstaklingsviðtölum hefðu nýst betur eða verr ef þú hefðir verið í hópi annarra foreldra?



Mynd 4: Hefur þú fundið jákvæðar breytingar í fari barnsins eftir að PMTO hófst?




Mynd 5: Hefur þú fundið neikvæðar breytingar í fari barnsins eftir að PMTO hófst?




Mynd 6: Hvað finnst þér um þann meðferðaraðila sem þú áttir samskipti við?







Mynd 7: Sýna PMTO meðferðaraðilarnir skilning á aðstæðum þínum?



Mynd 8: Hversu gagnlegir finnst þér eftirfarandi þættir?



Mynd 9: Hversu gagnleg reyndust verkefni á milli funda og símtöl á milli funda?



Mynd 10: Munt þú mæla með PMTO meðferð við aðra?

### Opnar spurningar:

#### Er eitthvað sem þú telur að gæti gert PMTO meðferð ennþá árangursríkari?

Meira bakkelsi

Nei, allt var frábært

Þið eruð glæsilegar

Úff, þessi hlutverkaleikur.. En hann virkar

Taka börnin aðeins meira inn í

Sumt nýttist verr en annað út af aldri. Mjög gott að hafa þetta á komandi árum.

#### Athugasemdir:

Gott að vinna með ykkur og gott að ná í ykkur. Var með efasemdir fyrst en fannst þetta síðan mjög skemmtilegt og gagnlegt.

Er svo þakklát, heimilislífið allt annað.

Ég er mjög þakklát.

Takk fyrir hjálpina.

Frábærar konur, hafa mikla þolinmæði og eru jákvæðar. Erum ótrúlega heppin að hafa fengið þær og þetta námskeið.

Frábært námskeið og kennarar. Takk.

Það var gott að fá sumarfrí og nýta það sem kennt var þá. Mikið að gerast svo það var gott að fá smá frí til að aðlagast nýjum venjum.

#### Hefur þú fundið jákvæðar breytingar í fari barnsins eftir að PMTO hófst, dæmi:

Rólegrri að sofna á kvöldin.

Stundum auðveldara að fá hana til að stoppa.

Hlustar oft

Svefn, samskipti við systkini, morgunverk og samskipti við mig.

Það hefur verið auðveldara að biðja hann um að gera hluti með umbun.

Kvartar minna yfir verkefnum. Finnst spennandi að fá umbun og ráða meiru.

Meira öryggi, hlýðir frekar.

Það gengur betur að fá barnið til að gera hluti með skýrari fyrirmælum.

Betri hegðun, jákvæður, meira traust milli foreldra og barns, fer eftir fyrirmælum, glaður, betri samskipti milli systkina.

Glaðari. Gerir oft eins og um er beðið. Samskipti miklu betri.

Hún fer eftir fyrirmælum og er miklu jákvæðari en hún var. Hún er hætt að tala niður til sín.

Skapofsi farinn, hlýðir betur.

Jákvæðari að hjálpa mér og gera það sem hann á að gera. Lætur mig ekki þurfa að segja sér sama hlutinn oft.

Brosir meira, er til í að taka þátt.

Finum mun á okkur og barni. Tökum hænuskref í þessu öllu.

Fer eftir fyrirmælum. Talar meira við foreldra, betri hegðun.

Minna um rifrildi.

## 10. VIÐAUKI 3: GREINARGERÐ ARNDÍ SAR ÞORSTEINSDÓTTIR V. ÚTTEKTARINNAR

### **Greining og ráðgjöf heim, - PMTO aðlöguð einstaklingsmeðferð**

Greinargerð þessi er unnin af Arndísi Þorsteinsdóttur svæðisstjóra PMTO hjá Reykjavíkurborg í samvinnu við Margréti Sigmarsdóttur, sálfræðing og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, í tengslum við úttekt skrifstofu Gæða og rannsókna hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar á úrræðinu Greining og ráðgjöf heim á vegum Barnaverndar.

PMTO aðferðin (Parent Management Training - Oregon) er gagnreynt úrræði, þróað af Dr. G. Patterson, M. Forgatch og samstarfsfólki við Oregon Social Learning Center í Bandaríkjunum, og ætlað foreldrum barna með aðlögunarvanda, sérstaklega hegðunarvanda (Forgatch, M.S. & Patterson, G. R. (2010).

Í tveggja ára tilraunaverkefni innan Greiningar og ráðgjafar heim var veitt PMTO einstaklingsmeðferð sem aðlöguð var að þörfum fjölskyldna í þjónustu hjá Barnavernd Reykjavíkur. Tilgangur verkefnisins var að veita þjónustu með sannreyndri aðferð sem sýnt hefur góðan árangur héraðs og erlendis innan málaflokksins til að bæta foreldrafærni og draga úr hegðunarvanda barna og bæta aðlögun þeirra. Einnig var tilgangurinn að skoða næmi valdra mælitækja fyrir breytingum á þessum tilgreindu þáttum.

#### **Þátttakendur, mælitæki og framkvæmd:**

##### ***Þátttakendur:***

Á tímabilinu nóvember 2017 – ágúst 2019 luku 27 foreldrar meðferð. Þetta voru 10 pör og 7 einstæðir foreldrar. Í heildina var fjöldi barna 38 og aldursdreifingin á bilinu 0-14. Aldur tilgreindra barna sem meðferðin tók mest mið af var 4-14 ára.

##### ***Mælitæki:***


Í samráði við Dr. Margréti Sigmarsdóttur, sálfræðing og sérfræðing í PMTO aðferðinni héraðs, urðu neðangreind mælitæki fyrir valinu, en þau eru talin gefa góða mynd af foreldrafærni og aðlögun barns. Gerðar voru áhorfsmælingar af samspili foreldra og barns við upphaf, miðbik og lok meðferðar og matslistar lagðir fyrir foreldra í upphafi og í lokin.

##### **Mat á foreldrafærni:**

- 1) *Family Interaction Brief Rating Scale*: FIBRS (Domenech Rodríguez, Sigmarsdóttir,

Forgatch og Rains, 2017).


FIBRS listinn er notaður við áhorfsmat þar sem áreiðanlegur fagaðili í notkun FIBRS horfir á samskipti foreldra og barna við skipulagðar aðstæður. Listinn metur fimm megin foreldrafærniþætti (hvatningu, mörk, lausnaleit, eftirlit, jákvæða samveru og afskipti). Meðferðaraðili kóðar og fær í lokin heildaskor sem gefa til kynna þær breytingar sem orðið hafa á meðferðartímabilinu, en mælingar eru gerðar í upphafi, við miðbik og lok meðferðar. Um er að ræða 32 staðhæfingar eins og „*Foreldri notaði hrós eða aðra félagslega hvatningu fyrir viðeigandi hegðun.*“ Listinn metur jafnframt hegðun barns með 20 staðhæfingum eins og „*Barnið sýndi samstarfsvilja.*“ Foreldrafærni og hegðun barns eru metin á 5 punkta Likert kvarða. Fleiri stig gefa vísbendingar um aukna foreldrafærni og bætta aðlögun barns. Í þessu verkefni er listinn þýddur og bakþýddur frá ensku yfir á íslensku. Myndræn framsetning niðurstaðna sem sett er inn í greinargerð til málstjóra að meðferð lokinni sést í eftirfarandi dæmi:



2) *Parent Practices Interview*: PPI (Reid, Webster-Stratton og Beauchaine, 2001).


PPI listinn er sjálfsmatslisti fyrir foreldra. Hann inniheldur 15 liði sem mæla foreldrafærni. Nokkrar staðhæfingar eru undir hverjum lið eins og „*Hversu oft reiðist/þirrast þú þegar þú setur barni þínu mörk?*“ Foreldrar svara ýmist á 5 eða 7 punkta Likert kvarða. Fleiri stig gefa vísbendingar um aukna foreldrafærni. Listinn hefur sýnt góðan áreiðanleika og réttmæti erlendis og hefur verið þýddur og bakþýddur frá ensku yfir á íslensku. Þar sem listinn hefur ekki verið staðlaður miðað við íslenskar

aðstæður eru notuð hráskor við útreikninga. Myndræn framsetning niðurstaðna sem sett er inn í greinargerð til málstjóra sést í eftirfarandi dæmi:




Mat á aðlögun barns:

- 3) FIBRS – Sjá lýsingu á *FIBRS* listanum að ofan varðandi áhorfsmælingar á hegðun/aðlögun barns. Myndræn framsetning niðurstaðna sem sett er inn í greinargerð til málstjóra sést í eftirfarandi dæmi:



- 4) *Eyberg Child Behaviour Inventory*: ECBI, (Eyberg og Pincus 1999). Eyberg listinn er spurningalisti sem foreldrar svara til að meta hegðun barna sinna á aldursbilinu 2 -16 ára. Spurt er út í 36 staðhæfingar eins og: *(barnið), „Bregst við með mótþróa þegar gefin eru fyriræli.“* Svaramót er á 7 punkta Likert kvarða og foreldrar meta einnig hvort staðhæfingin sé vandi eða ekki. Listinn hefur sýnt góðan áreiðanleika og réttmæti erlendis og færri stig gefa vísbendingar um bættu aðlögun barnsins. Listinn er þýddur og bakþýddur frá ensku yfir á íslensku og notast er við hráskor við útreikninga þar sem ekki er til íslensk stöðlun. Myndræn framsetning niðurstaðna sem sett er inn í greinargerð til málstjóra sést í eftirfarandi dæmi:



**Framkvæmd:**

Til að aðlaga aðferðina sem best að foreldrahópnum fóru tveir meðferðaraðilar heim til foreldra tvisvar í viku, en venjan innan PMTO er að einn aðili hitti foreldra einu sinni í viku. Að öðru leyti var framkvæmd meðferðar sú sama og venjulega innan aðferðarinnar þar sem foreldrar fá heimaverkefni milli viðtala og æfa sig í beitingu PMTO verkfæranna gagnvart börnum sínum. Símtöl milli viðtala sem ráðgjöf og stuðningur voru veitt eins og venjan er innan aðferðarinnar. Meðferðaraðilum er almennt skylt að sækja reglulega handleiðslu til að tryggja fylgni við aðferðina, en í þessu tilfalli fengu þeir frekari handleiðslu og stuðning vegna umfangs og eðli málanna. Meðferðaraðilarnir voru enn í námi í PMTO aðferðinni fyrstu átta mánuði úrræðisins og luku þar þjálfun í FIBRS áhorfamati, sem lið í mati á vanda og árangri meðferðar. Vegna námsins gátu þær tekið færri mál innan Greiningar og ráðgjafar heim en ella þar sem þær voru einnig að vinna með fjölskyldur sem tilheyrðu ekki úrræðinu.

## Niðurstöður:

Í þessum tilteknu málum sýndi FIBRS áhorfslistinn aukningu í foreldrafærni í 95% tilfella. Góð samsvörun var einnig milli áhorfsins og niðurstaðna PPI, en listinn sýndi að allir foreldrar upplifðu að valda uppeldishlutverkinu betur. Þau nýta meira jákvæðar og styðjandi leiðir í uppeldi barna sinna, eru meira hvetjandi, setja börnunum mildari en áhrifaríkari mörk, hafa meira eftirlit með athöfnum barna sinna heima og utan heimilis, leysa mál með uppbyggilegri hætti og eiga fleiri góðar samverustundir með börnunum og afskipti af þeim eru jákvæðari.

Niðurstöður FIBRS listans sýndu bættu hegðun/aðlögun barns í 80% tilfella og Eyberg listinn sem foreldrar fylltu út sýndi að dregið hafði úr hegðunarvanda hjá börnunum í 86,7% tilfella á meðferðartímabilinu.

Klínísk athugun á notkun mælitækjanna sýndi að þau eru næm á breytingar á foreldrafærni og hegðun/aðlögun barnanna og henta vel til við mat á vanda fyrir meðferð og til að mæla árangur PMTO einstaklingsmeðferðar.

## Umræður:

Almennt hefur verkefnið tekist vel til. Foreldrafærni eykst og það dregur úr hegðunarvanda barnanna sem bætir aðlögun í þeirra daglega umhverfi. Aðlöguð PMTO einstaklingsmeðferð á því vel heima innan barnaverndar og samræmist úrræðið nýlegri framkvæmdaráætlun á sviði barnaverndar sem Félagsmálaráðuneytið hefur lagt fram.

Mælitækin eru næm á breytingar og henta vel til að greina vanda og meta árangur meðferðar. Ef ákvörðun verður tekin um að halda verkefninu áfram, þarf formlegt leyfi höfunda til að nýta matslistana (PPI og Eyberg). Áhugavert væri að gera frekari rannsókn á árangri úrræðisins í samvinnu við háskólasamfélagið.

Samvinna PMTO meðferðaraðilanna hefur gengið mjög vel, en þó má velta fyrir sér veikleika þess að þeir eru bara tveir m.t.t. ef forföll koma upp. Gott væri að hafa teymi nokkurra PMTO meðferðaraðila sem sinna fyrst og fremst málum frá Barnavernd Reykjavíkur. Slíkt myndi gefa sveigjanleika ef einhver forfallast, auk þess sem hægt væri að þjónusta fleiri foreldra. Á skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur starfar PMTO meðferðaraðili sem mælt er með að fái verkefni innan úrræðisins. Á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar/Miðborgar/Hlíða starfa tveir sálfræðingar sem ljúka PMTO meðferðarnámi næsta sumar. Viðkomandi hafa sýnt því áhuga að fá verkefni innan Greiningar og ráðgjafar heim sé þess kostur.

Meðferðaraðilarnir eiga sinn starfsstað á Mánabergi í dag. Vinnuástaða þar ófullnægjandi, auk þess sem tengsl við vinnustaðinn eru lítil, því málin koma fæst frá Mánabergi. Viss hætta er á að



viðkomandi starfsmenn einangrist. Þetta er krefjandi vinna og mikilvægt að koma í veg fyrir kulnun í starfi.

### Heimildir og nánari upplýsingar um mælitækin:

Forgatch, M. S. & Patterson, G. R. (2010). Parental Management Training – Oregon Model: An intervention for antisocial behavior in children and adolescents. In J. R. Weisz & Kazdin (Eds.), *Evidence-based psychotherapies for children and adolescents (2nd ed., pp. 159-178)*. New York: Guilford

### Nánar um FIBRS:

Listinn hefur sýnt góðan innri áreiðanleika  $\alpha=0,78-0,94$  og endurprófunaráreiðanleika  $r=0.59-0.79$  (Akim, Yan, McDonald og Moon, 2017).

### Nánar um PPI:

Listinn er byggður á *Discipline style and techniques* spurningarlista frá Oregon Social Learning Center (OSLC) sem var þróaður fyrir ung börn (Webster-Stratton, 1998).

Rannsóknir á innri áreiðanleika listans hafa verið að fá fram áreiðanleika  $\alpha=0,63 - 0,87$  sem, miðað við lægri vikmörk, má teljast vera á mörkum þess að vera viðunandi (Reid, Webster-Stratton og Beauchaine, 2001).

Webster-Stratton, C. (1998). Preventing conduct problems in head start children: Strengthening parenting competencies. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 66(5), 715-730. doi:10.1037/0022-006x.66.5.715

### Nánar um Eyberg:

Eyberg listinn samanstendur af tveimur mælikvörðum, mælikvarða á styrkleika (*e. intensity scale*) sem mælir tíðni erfiðrar hegðunar hjá barni á Likert kvarða frá 1 (aldrei) til 7 (alltaf) og mælikvarða á vandamál (*e. problem scale*) þar sem spurt er hvort staðhæfingin sé vandamál fyrir foreldri eða ekki.

Listinn hefur sýnt góðan innri áreiðanleika fyrir mælikvarðann á styrkleika  $\alpha = 0,88 - 0,95$  og vandamál  $\alpha = 0,93 - 0,95$  og endurprófunaráreiðanleika (*e. test/retest*) á styrkleika,  $r=0,86$  og vandamál  $r=0,88$ . (Eyberg og Pincus, 1999). Athugun á norski útgáfu listans hefur sýnt innri áreiðanleika fyrir mælikvarðann á styrkleika  $\alpha= 0,82 - 0,93$  og vandamál  $\alpha= 0,84 - 0,96$  (Reedtz og Martinuessen, 2011).

Reedtz, C., Bertelsen, B., Lurie, J. I. M., Handegård, B. H., Clifford, G. og Mørch, W. T. (2008). Eyberg Child Behavior Inventory (ECBI): Norwegian norms to identify conduct problems in children. *Scandinavian journal of psychology*, 49(1), 31-38.

Reedtz, C. og Martinuessen, M., (2011). Måleegenskaper ved den norske versjonen av

Eyberg Child Behavior Inventory (ECBI). *PsykTestBarn*, 1:11.

Eyberg S.M. og Pincus D.B. Eyberg child behavior inventory and Sutter-Eyberg behavior inventory-revised: Professional manual. Odessa: *Psychological Assessment Resources*; 1999